

Þriðjudaginn 10. nóvember 1981.

Nr. 4/1981. **Vinnuveitendasamband Íslands f.h.**
H/F Eimskipafélags Íslands,
Hraðfrystihússins h/f, Hnífsdal,
Rækjuverksmiðjunnar h/f, Hnífsdal,
Íshússfélag Ísfirðinga, Ísafirði,
Skipasmíðastöðvar M. Bernharðssonar, Ísafirði,
Niðursuðuverksmiðjunnar h/f, Ísafirði,
Norðurtanga h/f, Ísafirði,
O.N. Olsen h/f, Ísafirði,
Rækjustöðvarinnar h/f, Ísafirði,
Vélsmiðjunnar Þórs h/f, Ísafirði

og

Hraðfrystihúss Þórðar Júlíussonar, Ísafirði

(Þórarinn V. Þórarinnsson, cand. jur.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f.h.

Alþýðusambands Vestfjarða vegna

Verkalýðsfélagsins Baldurs

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

Vinnustöðvun. Helgarvinnubann. II. kafli laga nr. 80/1938.
 Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. október s.l., var höfðað með stefnu birtri fyrir stefnda 24. júlí s.l.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands, Hraðfrystihússins h/f, Hnífsdal, Rækjuverksmiðjunnar h/f, Hnífsdal, Íshússfélags Ísfirðinga, Ísafirði, Skipasmíðastöðvar M. Bernharðssonar, Ísafirði, Niðursuðuverksmiðjunnar h/f, Ísafirði, Norðurtanga h/f, Ísafirði, O.N. Olsen h/f, Ísafirði, Rækjustöðvarinnar h/f, Ísafirði, Vélsmiðjunnar Þórs h/f, Ísafirði og Hraðfrystihúss Þórðar Júlíussonar, Ísafirði.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f.h. Alþýðusambands Vestfjarða vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs, Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að helgarvinnubann það, er varnaraðili Verkalýðsfélagið Baldur tilkynnti sóknaraðilum þann 30. júní 1981, sé ólögmet vinnustöðvun

í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938, og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Fram er komið í máli þessu að þann 29. maí 1980 skrifaði Verkalýðsfélagið Baldur Vinnuveitendafélagi Vestfjarða bréf þar sem kynnt var sú fundarsamþykkt í verkalýðsfélaginu að ekki verði heimil vinna á laugardögum og sunnudögum frá 1. júní til 31. ágúst hjá öllum fiskverkunarstöðvum á félagssvæðinu og nái þessi ákvörðun einnig til allrar út- og uppskipunarvinnu á fiski. Eigi því allri vinnu samkvæmt framansögðu að vera lokið á föstudögum kl. 24:00 og ekki hefjast á ný fyrr en á hefðbundnum vinnutíma á mánudagsmorgnum.

Í bréfi sínu dags. 6. júní mótmælti vinnuveitendafélagið þessari ákvörðun og véfengdi kjarasamningslegan rétt verkalýðsfélagsins til þess að setja einhliða slíkt bann, hvort sem væri á virkum eða helgum degi, nema eftir kl. 20:00 daglega. Ekki voru gerðar neinar ráðstafanir af hálfu vinnuveitendafélagsins til þess að fá skorið úr um lögmati þessarar ráðstöfunar verkalýðsfélagsins.

Þann 30. júní 1981 tilkynnti verkalýðsfélagið sóknaraðilum máls þessa hverjum um sig, með samhljóða bréfum, að almennur félagsfundur hafi samþykkt að heimila ekki vinnu á laugardögum og sunnudögum í júlí og ágúst s.l. Skyldi því öll vinna verkafólks á yfirvinnu- og helgarvinnutímabilinu frá kl. 24:00 á föstudögum til hefðbundins vinnutíma á mánudagsmorgnum því óheimil ofangreinda mánuði. En þó skyldi heimilt að ljúka við löndun úr fiskiskipum á umræddu yfirvinnu- og helgarvinnutímabili, enda hafi þá vinna hafist við hana fyrir hádegi á föstudegi.

Vinnuveitendasamband Íslands mótmælti þessari ákvörðun með símskeyti þann 10. júlí á sama hátt og svipuðum ráðstöfunum var mótmælt sumarið 1980, og skoraði jafnframt á verkalýðsfélagið að afturkalla þessa ákvörðun, áskildi ella rétt til málshöfðunar og skaðabóta.

Félagisdómsmál þetta er risið vegna þessarar síðari takmörkunar á yfirvinnu og helgidagavinnu af hendi Verkalýðsfélagsins Baldurs.

Stefnandi heldur því fram í málinu að með takmörkun sinni á yfirvinnu og helgarvinnu, sem gerð var sumarið 1981, hafi verka-

lýðsfélagið Baldur gerst sekt um ólöglega vinnustöðvun í skilningi II. kafla laga nr. 80/1938, og rofið kjarasamning á ólögmetan hátt.

Í kjarasamningi aðilanna hafi aðeins verið eitt ákvæði, sem heimilaði verkalýðsfélögum þeim, sem aðild eiga að Alþýðu-sambandi Vestfjarða, að setja félagsmönnum vinnutímamörk, þ.e. gr. 2.5.2. Í þeirri grein segi að ekki skuli unnið lengur en til kl. 20:00 nema brýna nauðsyn beri til og þá því aðeins að stjórn viðkomandi verkalýðsfélags samþykki í hvert sinn, enda séu verkamennirnir fúsir til að halda áfram vinnu.

Þetta ákvæði verði að teljast tæmandi í þessu efni. Þess sé þó getið í gr. 2.5.3. að frá sé skilin sú vinna, sem þegar hafi verið undanþegin samþykki í hvert sinn og í því sambandi sé sérgreind vinna til að verjast skemmdum á vöru, vinna við nýjan fisk, o.s.frv.

Ákvæði gr. 2.5.2. verði ekki skilið á annan veg en þann að það nái aðeins til vinnu, sem leyst sé af hendi eftir kl. 20:00 daglega alla daga vikunnar, en engin rök liggja til þess að álykta megi að verkalýðsfélag geti í skjóli þess bannað alla eftirvinnu, yfirvinnu og helgidagavinnu.

Hafi svo verið að kjarasamningur áskildi verkalýðsfélögum almennan rétt til að takmarka vinnu félagsmanna, hefði engin ástæða verið til að beita gr. 2.5.2 neina sérstöðu.

Hér sé ljóslega um að ræða vinnustöðvun, sem meta beri samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 80/1938. Engin vinnudeila hafi verið með aðilum og því ekki um það að ræða að knýja á um kaup og kjör. Því hafi vinnustöðvun verið ólögmet, og verði jafnframt að telja að brotin hafi verið ákvæði 69. gr. stjórnarskrár. Þessari vinnustöðvun hafi og verið mótmælt þegar í upphafi, bæði sumarið 1980 og á s.l. sumri, en sú leið þó verið farin að sækja um undanþágur til vinnu eftir atvikum, og aðeins geðþótti verkalýðsfélagsins hafi ráðið því hvort orðið var við þeim umsóknum. Því fari fjarri að í undanþágubeiðnum þessum hafi legið viðurkenn- ing á réttmæti vinnustöðvunar.

Vinnuverndarsjónarmiðum sé séð borgið með ákvæðum laga nr. 46/1980, einkum IX. kafla, og verði hin ólögmeti aðgerð verkalýðsfélagsins ekki studd með vísan til þess að nauðsyn hafi borið til að tryggja þyrfti verkamönnum lágmarkshvöld.

Í máli þessu sé síður en svo verið að leita dóms um það að á félagsmönnum í verkalýðsfélaginu hvíli almenn yfirvinnuskylda.

Það sé, og eigi að vera, á valdi verkamanna á vinnustað hvort þeir vilji sinna boði vinnuveitanda um að leysa af hendi yfirvinnu, en stéttarfélag hans megi með engu móti banna þeim slíka vinnu.

Stefndi leggur áherslu á það hvert hagsmunamál það sé verkafólki að skorður séu settar við yfirvinnu og helgarvinnu svo spornað verði við óhæfilegu vinnuálagi.

Það sé mjög eðlilegt að takmörkun yfirvinnu og helgarvinnu sé félagsleg aðgerð, svo sem hér hafi verið gert, frekar en einstaklingsaðgerð. Megi á það líta að lög nr. 80/1938 segi í 1. gr. að menn eigi rétt á að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launþega yfirleitt.

Verkalýðsfélagið Baldur hafi ákveðið á félagsfundi að heimila ekki yfirvinnu og helgidagavinnu á laugardögum og sunnudögum um tveggja mánaða tíma á s.l. sumri, og verði ekki staðhæft að þar hafi verið staðið freklega að verki eða af ósanngirni.

Það sé heldur ekki svo að lög eða kjarasamningur ógildi þessa takmörkun. Kjarasamningur geymi ekki tæmandi upptalningu heimilda verkalýðsfélagsins til þess að setja takmörk á vinnutíma félagsmanna sinna. Það sé ljóst að ekki gildi í vinnurétti almenn regla í þá átt að starfsmanni sé skylt að leysa yfirvinnu af hendi að boði vinnuveitanda síns og sé helgarvinnuskylda því enn síður fyrir hendi. Verkamenn hafi ekki undirgengist ótakmarkaða yfirvinnuskyldu við gerð kjarasamnings, svo sem nú sé krafist að þeim verði dæmd. Slík skylda yrði með engu móti lesin út úr sammingsákvæðum um kaup fyrir tilteknar stundir sólarhrings, ef unnar séu.

Viðbrögð vinnuveitenda við yfirlýsingu Verkalýðsfélagsins Baldurs hafi verið þau að fram hafi verið borin mótmæli, en síðan hafi þeir farið þá leið að sækja um undanþágur, sem þá hafi verið veittar að jafnaði. Með þessu hafi vinnuveitendur í raun viðurkennt bannið.

Að öðru leyti bendir stefndi á að svipaðar takmarkanir á yfirvinnu hafi verið gerðar víða um land og verið árum saman í gildi án þess í odda skærast að því heitið geti. Vinnuveitendur hafi sótt um undanþágur og yfirleitt með árangri. Í stuttu máli sé komin föst venja og hefð á þetta málefni og þyrfti skýlaust lagaákvæði eða sammingsákvæði til að breyta því.

Álit dómsins:

Takmörkun sú á yfirvinnu og helgarvinnu, sem Verkalýðsfélagið

Baldur samþykkti á almennum félagsfundi í júní 1981 og gilda skyldi í júlí og ágúst s.á., verður ekki talið jafngilda vinnustöðvun í merkingu II. kafla laga nr. 80/1938, og er ekki brot á þar greindum lagareglum.

Þer því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir að málskostnaður verði látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Þorsteinn Thorarensen, Halldór Þorbjörnsson, Björn Helgason og Árni Guðjónsson.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Alþýðusambands Vestfjarða vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs á að vera sýkn af kröfum stefnanda Vinnuveitendasambands Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands, Hraðfrystihússins h/f, Hnífsdal, Rækjuverksmiðjunnar h/f, Hnífsdal, Íshúsfélags Ísfirðinga, Ísafirði, Skipasmíðastöðvar M. Bernharðssonar h/f, Ísafirði, Niðursuðuverksmiðjunnar h/f, Ísafirði, Norðurtanga h/f, Ísafirði, O.N. Olsen h/f, Ísafirði, Rækjustöðvarinnar h/f, Ísafirði, Vélsmiðjunnar Þórs h/f, Ísafirði og Hraðfrystihúss Þórðar Júlíussonar, Ísafirði, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Gunnars Guðmundssonar:

Hið einhliða bann, sem Verkalýðsfélagið Baldur samþykkti að leggja skyldi á yfirvinnu á laugar- og sunnudögum í júlí og ágúst s.l., er félagsleg aðgerð, sem felur í sér takmörkun á rétti vinnuveitenda.

Voru aðgerðir þessar framkvæmdar gegn mótmælum vinnuveitenda eins og árið áður, er Verkalýðsfélagið Baldur setti í fyrsta sinn slíkt helgarvinnubann.

Ekki verður séð að ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938 veiti Verkalýðsfélaginu Baldri svo víðtækan rétt til að leggja slíkt einhliða bann við vinnu félagsmanna sinna í þjónustu sóknaraðila gegn mótmælum þeirra. Verður því að telja að framangreint helgarvinnu-

bann sé ólögmæt vinnustöðvun og brot á II. kafla laga nr. 80/1938. Ég tel rétt að málskostnaður verði látinn falla niður.

D ó m s o r ð:

Framangreint helgarvinnubann er brot á II. kafla laga nr. 80/1938.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. febrúar 1982.

Nr. 9/1981. **Vinnuveitendasamband Íslands f.h.
Landssambands íslenskra útvegsmanna**

(Jónas Haraldsson hdl.)

gegn

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands

(Hjalti Steinþórsson hdl.)

Deilt um ákvæði kjarasamnings. Sératkvæði.

Dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. febrúar 1982, var höfðað með stefnu 6. nóvember 1981.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru nú þessar:

1. að dæmt verði að eftirfarandi samningsákvæði í kjarasamningi stefnanda og stefnda, dags. 1. mars 1976, sbr. viðauka 9. júlí 1977 og 20. ágúst 1979, séu enn í gildi milli aðila:

19. gr. 5. mgr.: Fari skipverji fyrirvaralaust úr skiprúmi hefur útgerðin rétt á að krefja hann sömu fjárhæðar og henni bæri að borga vegna fyrirvaralausrar brottvikningar skipverjans úr skiprúmi.